



# DALAPÓSTURINN

11. tölublað, 7. árgangur

21. júlí 2014

## Boðskort



Í tilefni þess að í ár eru liðin 800 ár frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar sagnaritara og skálds er íbúum Dalabyggðar og gestum þeirra hér með boðið til Sturluhátíðar. Hátíðin fer fram í félagsheimilinu Tjarnarlundi í Saurbæ í Dalabyggð sunnudaginn 27. júlí nk. og hefst kl. 13:30. Í lok hátíðarinnar, um kl. 15:30 verður haldið að Staðarhóli þar sem Sturla bjó um árabil og er jarðsettur.

F.h. Dalabyggðar

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Sturluhátíð um næstu helgi

Um næstu helgi verður Sturluhátíð í Dölum en nú eru 800 ár liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar sagnaritarans mikla. Hátíðin verður haldin á sunnudaginn kemur, 27. júlí að Tjarnarlundi í Saurbæ í Dalasýslu.

Heiðursgestur hátíðarinnar er Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands.

Samkoman hefst klukkan 13.30 með setningarávarpi Sveins Pálssonar sveitarstjóra Dalabyggðar. Forsetar Alþingis Einar K. Guðfinnson og norska stórþingsins Olemic Tommessen munu flytja ávörp. Guðrún Nordal forstöðumaður stofnunar Árna Magnússonar flytur erindi um arfleifð Sturlu Þórðarsonar og Einar Kárason rithöfundur flytur efni um Sturlu sem hann kallar „Hann vissi ég alvitrastan og hófsamastan.“

Elísabet Haraldsdóttir menningarráðunautur fjallar um Sturluþing barna sem efnt verður til í samvinnu við barnaskóla á Vesturlandi næsta vetur. Þá gera Halla Steinólfsdóttir bóndi og Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur grein fyrir efninu: Dalirnir og Sturla, framtíðarsýn.

Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson flytja rímur.

Samkomunni í Tjarnarlundi lýkur upp úr klukkan þrjú með lokaorðum Sigurðar Þórólfssonar bónda í Innri-Fagraðal.

Eftir samkomuna í Tjarnarlundi verður farið að Staðarhóli þar sem Sturla bjó og þar fjallar Magnús A. Sigurðsson fornleifafræðingur um hugsanlegar rannsóknir á Staðarhóli.

Á vefsíðunni <http://sturla800.wix.com/sturlathordarson> er að finna nánari upplýsingar. Einnig hjá Svavari Gestssyni [gestsson.svavar@gmail.com](mailto:gestsson.svavar@gmail.com) eða Þórunni Maríu Örnólfsdóttur [tho27@hi.is](mailto:tho27@hi.is) sími 845 6676 og á skrifstofu Dalabyggðar.